



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

HITAVEITA HÚSAVÍKUR

Efnaeftirlit með jarðhitavatni 1990

Magnús Ólafsson

OS-91028/JHD-14 B

Júní 1991



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 613611

HITAVEITA HÚSAVÍKUR
Efnaeftirlit með jarðhitavatni 1990

Magnús Ólafsson

OS-91028/JHD-14 B

Júní 1991

EFNISYFIRLIT

| | |
|-------------------------|---|
| 1. INNGANGUR | 3 |
| 2. SÝNATAKA OG MÆLINGAR | 3 |
| 3. UMRÆÐA | 3 |

TÖFLUSKRÁ

| | |
|--------------------------------------------------------------|---|
| Tafla 1. Efnasamsetning vatns úr holu 1 á Hveravöllum (mg/l) | 3 |
| Tafla 2. Efnasamsetning vatns í Áhaldahúsi | 4 |

MYNDASKRÁ

| | |
|--------------------------------------------------------|---|
| Mynd 1. Styrkur kísils í vatni úr holu 1 á Hveravöllum | 5 |
|--------------------------------------------------------|---|

1. INNGANGUR

Þann 31. ágúst 1990 tóku starfsmenn Orkustofnunar sýni til efnarannsókna á tveimur stöðum hjá Hitaveitu Húsavíkur. Sýnataka þessi er liður í eftirliti sem Orkustofnun hefur hefur haft með höndum hjá hitaveitunni á undanförunum árum. Að venju voru tekin sýni úr holu 1 á Hveravöllum og í Áhaldahúsi veitunnar. Ekki þótti ástæða til að taka sýni úr Strokk að þessu sinni.

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum efnagreininga sýnanna tveggja og þær bornar saman við eldri greiningar. Auk fyrrgreindrar sýnatöku var hola 1 hita- og þrýstimæld 20. ágúst 1990 og hefur niðurstöðum þeirra mælinga verið lýst í greinargerð Orkustofnunar (GrB-BS-90/04).

2. SÝNATAKA OG MÆLINGAR

Eins og fram hefur komið voru sýni til efnagreininga tekin 31. ágúst 1990. Sýni úr holu 1 var tekið úr stút á legg við holutopp, en sýnið í Áhaldahúsinu var tekið úr inntaksgrind hússins.

Sýnin hafa nú verið efnagreind á efnarannsóknarstofu Orkustofnunar og eru niðurstöður sýndar í töflum 1 og 2. Í töflu 1 eru sýndar allar efnagreiningar úr holu 1, allt frá árinu 1986, en í töflu 2 eru aftur á móti sýndar efnagreiningar úr sýnum sem hafa verið tekin í Áhaldahúsinu.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns úr holu 1 á Hveravöllum (mg/l).

| Dagsetning | 90-08-31 | 89-10-03 | 88-09-23 | 88-05-05 | 87-11-02 | 86-10-24 |
|-----------------------------------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| Númer | 90-0231 | 89-0092 | 88-0142 | 88-0064 | 87-0212 | 86-0195 |
| Hiti (°C) | 103 | 102 | 102 | 95 | 96 | 96,2 |
| Sýrustig (pH/°C) | 9,6/21 | 9,4/24 | 9,5/14 | 9,6/19,5 | 9,5/19 | 9,6/18 |
| Kísill (SiO ₂) | 180,2 | 181,3 | 182,1 | 182,9 | 181,5 | 184,1 |
| Natríum (Na) | 56,5 | 58,6 | 59,5 | 58,87 | 60,6 | 58,1 |
| Kalíum (K) | 2,9 | 2,8 | 3,5 | 3,1 | 2,6 | 2,8 |
| Kalsíum (Ca) | 1,7 | 1,8 | 1,2 | 1,9 | 1,8 | 1,9 |
| Magnesíum (Mg) | 0,057 | 0,001 | 0,01 | 0 | 0,13 | 0,05 |
| Karbónat (CO ₂ (t)) | 27,7 | 26,2 | 22 | 3 | 27,6 | 25,8 |
| Súlfat (SO ₄) | 33,0 | 31,8 | 33,4 | 31,6 | 29,8 | 30,6 |
| Brennist.vetni (H ₂ S) | 0,98 | 1,05 | 0,91 | (0,21) | 1,02 | 1,04 |
| Klóríð (Cl) | 12,0 | 12,1 | 12,1 | 12,2 | 12,19 | 13,2 |
| Flúoríð (F) | 1,06 | 1,02 | 0,96 | 0,99 | 1,02 | 0,99 |
| Uppleyst efni | 325 | 327 | 328 | 330 | 352 | 362 |
| Súrefni (O ₂) | 0,00 | 0,00 | | | | 0,02 |

3. UMRÆÐA

Niðurstöður efnagreininga benda ekki til þess að neinar marktækar breytingar hafi átt sér stað í jarðhitakerfinu á Hveravöllum. Lítil munur er á efnasamsetningu vatnsins við holutopp á Hveravöllum og í Áhaldahúsi, nema hvað styrkur kalsíums vex en styrkur brennisteinsvetnis

Tafla 2. Efnasamsetning heits vatns í Áhaldahúsi (mg/l).


| Dagsetning Númer Hiti (°C) | 900831 90-0232 | 89-10-03 89-0089 | 88-09-23 88-0144 75,5 | 88-05-05 88-0065 72 | 87-11-02 87-0211 70 | 86-10-24 86-0197 75 |
|------------------------------------|-------------------|---------------------|-----------------------------|---------------------------|---------------------------|---------------------------|
| Sýrustig (pH/°C) | 9,6/21 | 9,5/24,5 | 9,5/14 | 9,6/19,5 | 9,6/19 | 9,6/20 |
| Kísill (SiO ₂) | 181,2 | 182,5 | 182,5 | 181,5 | 180,0 | 182,1 |
| Natríum (Na) | 57,1 | 59,0 | 59,6 | 59,7 | 58,0 | 61,1 |
| Kalíum (K) | 3,0 | 2,9 | 2,8 | 3,0 | 2,7 | 2,6 |
| Kalsíum (Ca) | 3,8 | 3,7 | 4,0 | 4,1 | 3,6 | 3,5 |
| Magnesíum (Mg) | 0,026 | 0,001 | 0,006 | 0 | 0,11 | 0,004 |
| Karbónat (CO ₂ (t)) | 28,7 | 29,3 | 19,2 | 32,6 | 28,4 | 29,4 |
| Súlfat (SO ₄) | 32,2 | 32,1 | 33,2 | 32,1 | 30,6 | 30,7 |
| Brennist. vetni (H ₂ S) | 0,07 | 0,70 | 0,67 | (0,14) | 0,68 | 0,95 |
| Klóríð (Cl) | 12,1 | 12,1 | 12,2 | 12,1 | 12,4 | 13,2 |
| Flúoríð (F) | 0,98 | 1,02 | 0,94 | 0,98 | 1,00 | 0,97 |
| Uppleyst efni | 335 | 361 | 327 | 340 | 353 | 353 |
| Súrefni (O ₂) | 0,00 | 0,015 | | | 0,01 | 0,0 |

lækkar á þessari leið. Styrkur brennisteinsvetnis lækkar vegna innstreymis súrefnis í aðveituæð og miðlunartank en styrkur kalsíums hækkar vegna tæringu asbests í aðveituæð.

Í skýrslu Orkustofnunar varðandi efnaeftirlit á árinu 1989 var birt mynd sem sýndi styrk kísils í vatni úr holu 1 allt frá árinu 1986. Þar kom fram að styrkur kísils hafði lækkað lítillega á þessu árabili. Mynd 1 sýnir á ný styrk kísils í vatni úr holu 1 og nú hefur sýnið frá síðastliðnu hausti verið fært inn á myndina. Fram kemur að kísilstyrkur lækkar enn, en þegar tekið var tillit til óvissu í efnagreiningum og sýnatöku kemur í ljós að ekki er um marktæka breytingu að ræða. Þar sem kísill er eitt aðal uppleysta efnið í heitu vatni og styrkur þess háður hita vatnsins er efnagreining þess mikilvægur þáttur í efnaeftirliti jarðhitavatns. Ekki er unnt að merkja marktækar breytingar í styrk annarra efna á þessu á fyrrgreindu árabili. Þær breytingar, sem fram koma á mynd 1, undirstrika þó nauðsyn þess að áfram verði fylgst með efnasamsetningu vatnsins.

Efnagreiningar sýna að vatnið er ágætlega hæft til upphitunar og í alla almenna notkun.

Í upphafi kom fram að hola 1 á Hveravöllum var hita- og þrýstimæld í ágúst-mánuði 1990. Í greinargerð um mælingarnar kom fram að ástand holunnar virðist vera gott. Þó var lagt til að holan verði hita- og þrýstimæld reglulega og mælingarnar gerðar að föstum þætti í vinnslueftirliti hjá hitaveitunni. Ekki er talið nauðsynlegt að mæla holuna á hverju ári, en lagt til að það verði gert annað hvert ár. Þó er mælt með því að holan verði mæld aftur í sumar eða haust til þess að staðfesta mælingarnar frá því í fyrra.



Mynd 1. Styrkur kísils í vatni úr holu 1 á Hveravöllum